

Samtök iðnaðarins

**Hallveigarstíg 1.
101 Reykjavík**

Reykjavík, 30. nóvember 1993

Nefndadeild Skrifstofu Alþingis,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa
Þórshamri, Templarasundi,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingar í skattamálum

Samtökin sjá ekki ástæðu til athugasemda við þá ákvörðun sem fyrir liggur í samkomulagi stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins að lækka virðisaukaskatt á tilteknum matvælum. Ákvörðunin nær hins vegar ekki til drykkjarvöru og sælgætis, sem þó er verulegur hluti innlendrar matvælaframleiðslu. Þessi framleiðsla hefur auk virðisaukaskatts borið 25% vörugjald en með frumvarpinu er ráðgert að lækka vörugjaldið í 18% eins og um var raunar gefið fyrirheit í tengslum við kjarasamninga s.l. vor. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að vörugjald af þessum vörum skuli nú lækkað nokkuð en eftir stendur þó enn að þessi flokkur matvæla mun bera hærri virðisaukaskatt en önnur matvæli og skattlagning á þessar vörur hér á landi er meiri en þekkist í nokkru öðru V-Evrópuríki.

Samtök iðnaðarins hafa löngum haldið fram þeirri skoðun að vörugjald sé flestum sköttum verra og má færa fyrir því mörg rök. Vörugjald hefur flesta galla gamla söluskattsins. Sértek skattheimta af þessu tagi hefur í för með sér neylustýringu og mismunun milli vörutegunda og framleiðenda. Gjaldið hefur uppsöfnunaráhrif t.d. í byggingarkostnaði og mismunar innlendum framleiðendum í óhag vegna of lágrar áætlaðrar heildsöluálagningar við tollafgreiðslu. Þannig mætti áfram telja.

Það er mat Samtaka iðnaðarins að óheppilegt sé að mæta tekjutapi ríkissjóðs með því að auka skattheimtu í formi vörugjalds þó hér sé hægar farið í sakirnar en oft áður með því að leggja 6% vörugjald á ýmis þau matvæli sem virðisaukaskattur lækkar nú á og telja má að séu samkeppnisvörur við sælgæti og drykkjarvörur. Má þar nefna kaffi, te, kakómjólk, rjómaís, hnetur o.fl.

Einn liður í tekjuöflun til að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts og vörugjalds af matvælum, er fyrirhuguð hækkun vörugjalds af byggingarefni úr 9% í 10%. Í apríl sl. voru gerðar umfangsmiklar breytingar á lögum um vörugjald, þegar umsamdar tollalækkanir vegna

EES samningsins voru teknar til baka með hækkunum á vörugjaldi. Í þeirri breytingu var þó einn ljós punktur fyrir íslenskan iðnað, nefnilega sá að fellt var niður vörugjald af mörgum tegundum algengra byggingarefna, svo sem steypu, steypustyrktarjárni, sementi og gleri.

Nú er svo komið að heita má að einungis þrír flokkar byggingarefna sem framleiddir eru hér á landi, beri enn vörugjald en það eru málningarvörur, einangrunarefni og þakpappi. Ástæða er til að skora á þingmenn að fella nú niður vörugjald af þessum vörum, en þar með væri því langþráða marki náð að losa innlenda framleiðendur byggingarefna endanlega við vörugjaldið.

Annað atriði fyrirhugaðra breytinga í skattamálum er breyting á tollalögum sem fela í sér að upp eru teknir tollar á feiti og olíur á bilinu 7%-18% og tollar á smjörlíki 70%-90%. Viðbótartekjur af þessu eru einungis metnar 20 milljónir króna samkvæmt athugasemdum frumvarpsins. Er þá væntanlega reiknað með að heimildarákvæði 6. gr. tollalaga verði notuð en þar segir að heimilt sé að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafn háir eða lægri en af efnivörum.

Ofangreint ákvæði myndi að því er best verður séð gilda fyrir flesta framleiðendur iðnaðarvöru í samkeppnisiðnaði sem nota feiti og olíur sem hráefni í sína framleiðslu. Það þarf hins vegar að fá staðfest. Vafi leikur á um það hver tollameðferð yrði t.d. á jurtafeiti til ísgerðar.

Við þessa fyrirhuguðu breytingu á tollalögum vilja Samtök iðnaðarins gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Tollur á smjörlíki. Nokkuð er nú um liðið síðan samkomulag varð um það að innlend smjörlíkisframleiðsla myndi líkt og annar iðnaður fá tímabundna tollvernd þegar opnað yrði fyrir innflutning. Fram komnar tillögur í frumvarpinu eru í samræmi við þetta og er ætlað að leysa af hólmi auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 242/1993, um jöfnunartoll á smjörlíki. Hins vegar er ekki að finna í frumvarpinu ákvæði um lágmarkstoll pr. kg. sem framleiðendur hafa lagt mikla áherslu á að verði tekinn upp til að koma í veg fyrir tollsvik, sem hætt er við þegar tollur er jafn hár og hér er um rætt.
2. Tollur á feiti og olíur. Afar óvenjulegt er nú á tímum að taka upp fjáröflunartolla á vörur eins og feiti og olíur sem að uppistöðu eru hráefni til iðnaðarframleiðslu. Munu dæmi um slíkt vera vandfundin hin síðari ár. Ekki kemur fram að verið sé að vernda innlenda framleiðslu með því að bregðast við meintum niðurgreiðslum á erlendri framleiðslu, enda hefði þá verið gripið til jöfnunartolla og aðgerðin væntanlega einskorðuð við feiti og olíur úr fiski og sjávarspendýrum (tnr).

1516.1001). Er raunar mælt með að fjármálaráðuneyti verði falið að skoða þau mál sérstaklega.

3. Fyrirhugaður tollur mun valda verulegri röskun og óþægindum fyrir innlenda framleiðendur og þá sérstaklega smjörlíkisframleiðendur, sem á sama tíma eru að fá tímabundna vernd til aðlögunar að samkeppni við innflutning sem til þessa hefur verið bannaður.

4. Lausleg athugun virðist benda til að samið hafi verið við EFTA um niðurfellingu tolla af flestum þessum vörum, þ.e. öllum þeim vörum sem ætlað er að bera 10% og 13% toll og nær öllum þeim vörum sem ætlað er að bera 18% toll. Sé þetta rétt verður einungis heimilt að leggja toll á þessar vörur frá EB og öðrum löndum en ekki frá EFTA löndum.

Að teknu tilliti til þess sem hér að framan hefur verið rakið er eindregið mælt til þess að fyrirhuguð breyting á tollalögum er varðar tolla á feiti og olfur verði tekin til endurskoðunar.

Sökum þess hversu stuttur frestur er veittur til að gefa umsögn um þetta viðamikla mál er þess vænst, að tækifæri gefist til að fulltrúa frá Samtökum iðnaðarins gefist tækifæri til að koma á fund Efnahags- og viðskipta- nefndar því búast má við að óskað verði eftir að koma á framfæri fleiri atriðum og athugasemdum en hér hafa verið rakin.

F.h. Samtaka iðnaðarins



Sveinn Hannesson,
framkvæmdastjóri